



Landssamband æskulýðsfélaga

16. fundur stjórnar 2009 – 2010
Haldin á skrifstofu félagsins í Hinu húsinu kl. 17:15
17. maí 2010

Mættir: Auður Geirsdóttir (AuG), Björn Guðmundsson (BG) og Sindri Snær Einarsson (SSE).
Forföll boðuðu Rakel Brynjólfsdóttir (RB) og Unnur Hjálmarsdóttir (UH). Einnig sat fundinn Hildur Tryggvadóttir Flóvenz (HTF) framkvæmdastjóri.

Fundur settur: 17:54

Eftirfarandi fór fram á fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar samþykkt samhljóða.

2. Sambandsþing 2010

Ákveðið var að SSE og HTF yrðu fundarstjórar þingsins, að atkvæðagreiðsla um inngöngu AFS í félagið yrði leynileg. Stjórnin ákvað einnig að árgjald yrði óbreytt frá fyrra ári eða 5000kr.

Farið var yfir fundargögnin og gengið frá lausum endum.

3. Ráðningaferli

HTF lagði fram tillögu að ferli við ráðningu nýs framkvæmdastjóra og uppkast að auglýsingu. Ákveðið að stjórn myndi laga auglýsingu og koma sér saman um hana í tölvupóst samskiptum. Auglýst yrði á póstlista, á netinu og facebook þann 4. júní og í Fréttblaðinu 5.júní.

Ákveðið að SSE myndi hanna auglýsinguna í fréttblaðið.

4. Önnur mál

a. BG óskaði eftir því að fá lykil að skrifstofunni. HTF mun athuga það.

Ekki var fleira rætt á fundinum og fundi slitið kl. 18:42.

Fundargerð ritaði:
Hildur Tryggvadóttir Flóvenz
framkvæmdastjóri